

Fundargerð 75. fundar stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaginn 12. desember 2011 í húsnæði safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð kl. 16:30.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2012.
2. Staða mála varðandi flutninga.
3. Önnur mál.

Mættir voru Pétur Hrafn Sigurðsson, Sveinbjörn Strandberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari. Helga Margrét Reinhardsdóttir mætti kl. 17:10.

1. Hrafn Sveinbjarnarson lagði fram og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2012. Héraðsskjalaverði var falið að klára hana.

2. Gunnar Marel lagði fram minnisblað vegna flutnings skjalasafnsins. Rætt var um hvernig þau mál standa.

3. Önnur mál.

a. Sveinbjörn Strandberg lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Fyrirspurn, lögð fram á stjórnarfundi Héraðsskjalasafns Kópavogs, 12.12.2011:

Við flutning Héraðsskjalasafns Kópavogs frá Hamraborg 1 yfir að Digranesvegi 7 óskar undirritaður eftir að tekin verði saman á skipulegan hátt eftirfarandi atriði.

1. Hversu margir fermetrar er núverandi leigurými að Hamraborg 1 og hvernig er skiptingin (í fermetrum) annars vegar í safnrými og geymslur og hins vegar rými sem flokkast undir starfsmannaaðstöðu?
2. Hvert er núverandi leiguverð pr. fermetra á mánuði sem greitt er fyrir húsnæðið að Hamraborg?
3. Hverjar voru tillögur vinnuhóps sem skipaður var til að finna lausn á húsnæðismálum Héraðsskjalasafns Kópavogs? Skriflegar niðurstöður óskast lagðar fram.
4. Hvert er kaupverð eignarinnar að Digranesvegi 7 sem ætluð er undir starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs?
5. Var um að ræða samningaumleitanir milli aðila (kaupanda og seljanda) eða var tilboða leitað. Afrit gagna óskast lögð fram.
6. Hve stór hluti hússins að Digranesvegi 7 var keyptur á því verði.
7. Hver er fermetrafjöldinn og skiptingin annars vegar í safnrými og geymslur og hins vegar það sem nýtt verður sem starfsmannaaðstaða að Digranesvegi 7?
8. Hver er áætlaður kostnaður við breytingar og standsetningu húsnæðisins að Digranesvegi 7 og er áætlað að standa að einhverjum breytingum að Fannborg 5?
9. Hver er áætlaður kostnaður við flutninginn?
10. Hver er áætlaður kostnaður við hönnun og teiknivinnu?

11. Hver er áætlaður kostnaður vegna nýrra innréttinga og tækja sem nauðsynlegt er að kaupa?
12. Hver er áætlaður rekstarkostnaður (hiti, rafmagn, viðhald) að Dirganesvegi 7 miðað við núverandi húsnæði í Hamraborg 1?
13. Hver verða fasteignagjöld og afskriftir vegna húsnæðisins að Digranesvegi 7?
14. Hvað er gert ráð fyrir að nýtt húsnæði að Digranesvegi 7 dugi lengi fyrir starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs að teknu tilliti til skjalavistunaráætlunar?
15. Hefur verið gerð athugun á því hvað spara megi mikla fjármuni með að samnýta starfsfólk og búnað og sameina Héraðsskjalasafn og Bókasafn Kópavogs.

Kópavogi 12.12. 2011.

Sveinbjörn Strandberg,  
fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í  
stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs.“

Stefnt er að því að fyrirspurninni verði svarað á næsta fundi.

b. Rætt var um merki safnsins og útfærslu þess á nýjum húsakynnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Pétur Hrafn Sigurðsson

Helga Margrét Reinhardsdóttir

Sveinbjörn Strandberg